

Þröngar gangstéttar og snjómokstur

Bæjarstjórn, Garðabæjar	
Stofn.dags.	19.10.20
Málafélagi	10.20
Mál nr.	2010294

Á síðasta ári þegar Garðabær óskaði eftir tillögum frá íbúum að verkefnum sem hægt væri að ráðast í og þau kostuð af fé á fjárhagsáætlun bæjarins það árið.

Ég lagði fram tillögu um að fara í átaka sem fólst í að endurgera gangstéttar í eldri hverfum bæjarins.

Ástæða þessa var og er sú að gangstéttarnar eru víða illa farnar og þær eru það þröngar að tveir einstaklingar geta ekki gengið samsíða á gangstéttunum. Að mínu mati var hægt að ráðast í þetta verkefni og það væri tiltölulega einfalt. Það eina sem segja má að mælti á móti þessu var að við breikkun gangstéttanna þyrfti að skerða græna svæðis sem er á milli götunnar og gangstéttarinnar.

Bærinn hafnaði þessari tillögu á þeirri forsendu að á fjárhagsáætlun bæjarins væri gert ráð fyrir fjármunum til að endurgera gangstéttir.

Ég hef fylgst með hluta þeirra framkvæmda sem bærinn lagði í á liðnu ári og því sem er að líða. Ég þakka fyrir að gangstéttar séu teknar til viðhalds og endurgerðar. Hins vegar er ég ósáttur við að allar þessar framkvæmdir felast í að endurgera gangstéttarnar í óbreyttri mynd og það þýðir að þær eru jafnþröngar og áður og tveir fullorðnir geta eftir sem áður ekki gengið samhliða á endurgerðum gangstéttum.

Gangstéttar eru lagðar á lóðarmörkum eftir því sem mér sýnist en ef það er rangt skilið hjá mér þá tek ég við leiðréttingu þar um. Við vitum að íbúar hafa flestir gróðursett runna og annan trjágróður nálægt lóðarmörkum og það hefur leitt til þess að í tímans rás hafa runnarnir og greinar trjánna vaxið yfir á gangstéttar og hindra þannig umferð gangandi. Bærinn hefur verið ötull við að minna íbúa á að klippa slíkan gróður þannig að gangandi fólk geti notað gangstéttarnar. Árangur er misjafn og víða er mikill gróður sem fer yfir á gangstéttarnar.


Mér finnst þessi afstaða bæjarins að endurgera stéttarnar í óbreyttri mynd vera þröngsýn og fylgja ekki eftir þeim breytingum og kröfum sem eru í gangi um meiri útivist fullorðna og einnig barna og ungmenna en þau eru þá á venjulegum hjólum og hvers konar rafskutlum.

Einn angi af því að laga og endurgera gangstéttar er að snjómokstur reynir mjög á steypuna og snjómoksturstækin valda skemmdum á þeirri hlið sem snýr að grasinu. Tækin eru eins og þið vitið heldur breiðari en hinar almennu þröngu stéttar. Þannig myndast hjólfar utan við stéttarnar, þ.e. grasmegin. Þetta er t.d. mjög áberandi á Karlagötunni en gangstéttin sem er vestan við götuna er mokuð yfir veturinn og á vorin er moldarsvað sem nær ekki að gróa að fullu yfir sumarið. Þessa dagana er einmitt verið að endurgera stéttina á tveimur stöðum og er hún jafnþröng og áður. Á einu svæði var búið að endurgera stéttina og einnig hefur verið tyrft meðfram henni. Í vetur munu snjómoksturstækin skemma þennan gróður eins og áður.

Með þessu erindi fylgja nokkrar ljósmyndir sem teknar voru við Karlagötuna og sýna hvað átt er við.



Gangstétt við Karlagötu og hjólfar eftir snjóruðningstæki og runnar við lóðir



Gangstétt við Karlagötu og hjólfar eftir snjóruðningstæki en annar frágangur við lóðamörk



Búið að steypa í sömu breidd

Eldri endurgerð og búið að tyrfa

Samkvæmt þessum myndum er ljóst að snjóruðningstæki verða að vera með hjól utan gangstéttar þannig að þessi viðgerð er augljós mistök og mun aðeins kalla á meira viðhald. Þannig má segja að verið er að sóa almannafé.

Spurning mín er þá sú hvers vegna eru gangstéttarnar ekki breikkaðar eins þörf er á og rakið er hér að framan.

Garðabæ, 30. september 2020

Sveinn Arason
Holtsbúð 38
Garðabæ

Kt. 200448-4649
Netfang: arason@centrum.is
Sími: 8614138

MB listin
Svein Thorsen

Ígandabær
Anne Margit Halldórsdóttir
þýttur í þýðningu